



Upplýsing - félag bókasafns- og upplýsingafræða

Aðalfundur Upplýsingar
18. maí 2017

Fundarstaður: Menningarhúsið Gerðubergi, Gerðuberg 3-5, 111 Reykjavík.
Fundarstjóri: Anna Kristín Kjartansdóttir.
Fundarritari: Jóna Guðmundsdóttir.
Mættir voru 12 félagar.

Upplýsing boðaði til þessa aðalfundar þann 4. maí 2017 en til aðalfundar skal boðað skriflega með minnst tíu daga fyrirvara samkvæmt 8. grein laga félagsins.

Dagskrá:

Kristjana Mjöll Jónsd. Hjörvar formaður Upplýsingar setti fundinn klukkan 17:05 og tilnefndi Önnu Kristínu Kjartansdóttur sem fundarstjóra og Jónu Guðmundsdóttur sem fundarritara og var það samþykkt.

a) Skýrsla stjórnar

Kristjana Mjöll Jónsd. Hjörvar, formaður fór yfir skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2016-2017. Haldnir voru 9 stjórnarfundir á starfsárinu og eru félagar í Upplýsingu um það bil 417 og þar af eru 46 stofnanir. Skráningar nýrra félaga voru 34 sem mjög gott.

Landsfundur var haldinn 29.-30. september 2016 í Reykjanesbæ og var vel sóttur. Næsti landsfundur verður haldinn í 25.-26. október í Silfurbergi í Hörpu 2018.

Haldin voru 6 Morgunkorn þetta starfsár ásamt heimsókn í Kvikmyndasafn Íslands og Bókasafn Hafnafjarðar og jólagleði eins og venja er.

Lögð hefur verið áhersla á að efla viðveru og sýnileika félagsins t.d. á samfélagsmiðlum og á faglegt starf og fræðslu til félagsmanna.

Einnig er lögð áhersla á að streyma Morgunkornum beint á Netinu og er þetta liður til þess að auka þjónustu við þá félaga sem ekki eiga heimangengt vegna búsetu eða starfs.

Að lokum þakkaði formaður stjórninni og öðrum þeim sem unnið hafa fyrir Upplýsingu fyrir þeirra framlag og nefndi að rafrænt afrit af ársskýrslunni yrði birt á vef Upplýsingar.

Umræður: Spurning frá Þórdísi T. Þórarinsdóttur um aðild að EBLIDA: Formaður svarði því að Upplýsing hefði ekki verið félagi síðustu 2-3 ár en verið sé að enduskoða aðild.

Skýrsla stjórnar: Samþykkt.

b) Skýrslur hópa og nefnda

Óskar Þór Þráinsson vefstjóri Upplýsingar, skýrsla um vef Upplýsingar og samfélagsmiðla.

Vef og miðlastjóri er í raun réttara heiti en vefstjóri því að ekki er lengur um að ræða bara vef Upplýsingar heldur eru margir aðrir miðlar sem verið er að halda við.

YouTube rás Upplýsingar hefur verið vinsæl, ekki bara í streymi frá viðburðum heldur einnig

til að horfa á síðar þá fyrirlestra og viðburði sem hafa verið teknir upp. Facebook, Instagram, Twitter og Snapchat hafa verið notaðir mismikið og t.d. Snapchat notað mest í kringum bókasafnsdaginn.

Verið er að uppfæra vef Upplýsingar og stefnt er á að opna hann í lok þessa mánaðar. Vefurinn er í settur upp í WordPress og er hannaður til að nýtast í öllum snjalltækjum.

Sveinn Ólafsson, skýrsla útgáfunefndar.

Útgáfa Bókasafnsins er helsta verkefni útgáfunefndar. Fjárhagur hefur verið stöðugur, auglýsingatekjur hafa átt þar stóran þátt í að greiða kostnað við útgáfu.

Endurgreiddur virðisauki hefur hingað til verið u.þ.b. tíu prósent af tekjum blaðsins en vegna smæðar á rekstri blaðsins fellur sú endurgreiðsla nú niður.

Unnið hefur verið að stofnun nýs ritrýnds rits sem ber vinnuheitið 01:Tímarit um skráningu, miðlun og varðveislu. Ritnefnd hefur einnig sett inn greinar á vefsvæði sitt undir heiti Fregna og mun einnig setja fræðilegar greinar á vefsvæði Bókasafnsins.

Einnig er gert grein fyrir starfi þessara nefnda í ársskýrslu félagsins sem birt verður á vef Upplýsingar.

c) Reikningar félagsins

Magný Rós Sigurðardóttir gjaldkeri gerði grein fyrir reikningum félagsins.

Reikningar eru yfirfarnir af bókara og samþykktir af skoðunarmönnum félagsins. Þó er enn eftir vinna við að endurskipuleggja og einfalda uppgjör reikninga sem gjaldkeri mun klára á næsta starfsári.

Fram kom að samkvæmt ársreikningum er hagnaður á rekstri félagsins að upphæð 779.000. Hagnaður af Landsfundi 2016 var 1.3 milljónir.

Umræður: Spurning frá Andrea Ævarsdóttur, Bókasafni Grindavíkur um skráningarráð og í hvað þau útgjöld fari. Magný Rós Sigurðardóttir gjaldkeri svarar að sá sjóður sé t.d. nýttur til að kenna RDA.

Reikningar félagsins: Samþykktir.

d) Ákvörðun launa og þóknunar til stjórnarmanna.

Engar breytingar.

e) Fjárhags- og framkvæmdaáætlun næsta starfsárs.

Fjárhags- og framkvæmdaáætlun næsta starfsárs var lögð fram til kynningar af Magný Rós Sigurðardóttur gjaldkera Upplýsingar. Árgjöld, styrkir ofl. munu verða allt að 5 milljónir króna. Styrkir eru að hluta eyrnamerkir Bókasafnsdeginum 2017 og til að efla erlent samstarf Upplýsingar. Áætlað er að styrkirnir standi straum af kostnaði við IFLA þing sem haldið verður í Póllandi í ágúst og af fundi fulltrúa Norrænna bókavarðafélaga sem verður í Kaupmannahöfn í byrjun næsta árs.

Fjárhagsáætlun: Samþykkt.

f) Árgjald.

Stjórn Upplýsingar mælir með óbreyttu árgjaldi. Almennir félagar greiða 7.000 kr., stofnanir 14.000 kr. og nemendur í upplýsingafræði 3.500 kr.

Árgjald: Samþykkt.

g) Lagabreytingar.

Engar tillögur að lagabreytingum bárust fyrir þennan aðalfund. Óskað var eftir fólki í lagabreytingarnefnd. Óskar Guðjónsson, Bókasafni Hafnafjarðar, Andrea Ævarsdóttir, Bókasafni Grindavíkur og Margrét Sigurgeirsdóttir, Bókasafni Garðabæjar gáfu kost á sér.

Framboð samþykkt.

h) Kosning stjórnar og varamanna sbr. 5. gr.

Í stjórn sitja Kristjana Mjöll Jónsd. Hjörvar, Jóna Guðmundsdóttir, Magný Rós Sigurðardóttir, Alda Davíðsdóttir og Sigurlaug Rósa Guðjónsdóttir.

Sigríður Júlía Sighvatsdóttir og Helga Halldórsdóttir sitja sem varamenn.

Allir stjórnarmenn gáfu kost á sér áfram. Ekki bárust nein mótframboð.

i) Kosning skoðunarmanna reikninga.

Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir og Kristín Björgvinsdóttir eru skoðunarmenn reikninga.

Skoðunarmenn reikninga gáfu kost á sér áfram. Ekki bárust nein mótframboð.

j) Kosning í fastanefndir til tveggja ára í senn.

Allir nefndarmenn í fastanefndum gefa kost á sér áfram. Ekki bárust nein mótframboð.

k) Önnur mál.

Kristjana Mjöll Jónsd. Hjörvar formaður og meðstjórnendur lögðu fram þrjár tillögur.

1. Ferðasjóður Upplýsingar – stytta tímabil á milli styrkja og lengd félagsaðildar

Í núverandi úthlutunarreglum ferðasjóðs Upplýsingar kemur fram að styrkþegi skal hafa verið skuldlaus félagi í Upplýsingu í a.m.k. fimm ár og a.m.k. fimm ár þurfa að líða á milli úthlutana úr sjóðnum til sama einstaklings.

Við leggjum til að tíminn sé stytur í þrjú ár þ.e. að styrkþegi skuli hafa verið skuldlaus félagi í Upplýsingu í a.m.k. þrjú ár og a.m.k. þrjú ár þurfi að líða á milli úthlutana úr sjóðnum til sama einstaklings. Það er í takt við reglur ýmissa annarra sjóða.

Umræður: Þórdísi T. Þórarinsdóttir spyr hvort félagið standa nógu vel fjárhagslega. Kristjana Mjöll Jónsd. Hjörvar formaður Upplýsingar svaraði og sagði að félagið stæði vel og miðað við fjölda umsókna í ferðasjóð per ár væri þessi breyting viðráðanleg.

*Flutningsmaður tillögu Kristjana Mjöll Jónsd. Hjörvar fyrir hönd stjórnar:
Aðalfundur Upplýsingar haldinn í Gerðubergi 18. Maí 2017 samþykkir að breyta
skilyrðum í línu 2 í úthlutunarreglum Ferðasjóðs úr 5 árum í 3 ár.*

Tillaga samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

2. Umbun til þeirra er starfa fyrir félagið.

Við viljum leggja til að þeir sem starfa fyrir félagið í ýmsum nefndum fái félagsgjöldin niðurfelld þann tíma sem þeir starfa fyrir félagið. Það er erfitt að fá fólk til starfa.

Umræður: Athugasemd frá Sveini Ólafssyni, kostnaður yrði rúmlega 150 þúsund á ári, fjöldi nefndarmanna er 20-25 manns.

Tillaga samþykkt.

3. Aukamaður í stjórn

Núverandi stjórn lætur af störfum á næsta ári. Allar búnar með 2 – 4 ár. Leggjum til að stjórn fái heimild til að taka aukamann inn í stjórn sem situr stjórnarfundum og lærir af núverandi stjórn þó hann sinni ekki stjórnarstarfi. Höfum fengið framboð, Oddfríður Steinunn Helgadóttir, Landsbókasafni.

Umræður: Þórdís T. Þórarinsdóttir nefndi að hægt væri að borga fyrir fundarsetu. Andrea Ævarsdóttir minnti á að í lögum félagsins sé sagt að skipta eigi kosningu formanns og nefndarmanna á milli ára og gott væri að koma því á aftur. Óskar Þór Þráinsson nefndi að gott væri ef að minnsta kosti einn af núverandi stjórnarmönnum héldi áfram í eitt ár með Oddfríði, stjórn tekur þessar athugasemdir til skoðunar.

Framboð samþykkt.

Tillaga samþykkt.

Engin önnur mál komu til umræðu.

Nýr heiðursfélagi Upplýsingar:

Marta Hildur Richter.

Kristjana Mjöll Jónsd. Hjörvar formaður skýrði frá því að félaginu hefði borist tilnefningar um nýjan heiðursféлага Upplýsingar og Marta Hildur Richter hefði hlotið flestar tilnefningar en hún hefur verið frá upphafi ötull talsmaður fags og stéttar. Kristjana fór yfir starfsferil Mörtu og afhenti henni viðurkenningu og blómvönd fyrir hönd félagsins. Marta ávarpaði fundinn og þakkaði fyrir sig.

Fundi var slitið 18:16 og félagsmönnum boðið að þiggja veitingar.